



helginn

30. JÚNÍ–1. JÚLÍ 1990

Sólborg og sýslumannsssonurinn á Héðinshöfða

Snemma dags í öndverðum febrúarmánuði 1893 leggja tveir menn af stað frá Svalbarði í Þistilfirði og er för heitið að Héðinshöfða á Tjörnesi. Fárra daga dvöl þeirra á Svalbarði hefur orðið með þeim hætti að hún mun hvorugum þeirra gleymast síðar, vegna þeirra óhugnanlegu atburða sem þar urðu. Annar maðurinn er ungur lögfræðingur, sem verið hafði í erindum sýslumannsins föður síns, að rannsaka grun um dulsmál á Svalbarði. Hann hafði verið glaður og reifur að vanda á leiðinni að Svalbarði, en nú er um skipt. Það er í honum geigur og sú saga er lífseig að jafnan eftir þetta hafi þessi ungi lögfræðingur, sem var Einar skáld Benediktsson, verið þjáður af myrkfælni. Þjóðsagan segir að er þeir síðar þennan dag komu að Jökulsá og fengu sig ferjaða yfir, hafi ferjumaðurinn heimtað gjald fyrir þrjá, en þeir aðeins tveir á ferð. „Nú, heldurðu að hún fylgi þér ekki!“ á svarið að hafa verið, er þeir spurðu hverju þetta sætti. En hver var „hún“? Það skýrist í eftirfarandi frásögn af Sólborgarmálinu, sem mikla athygli vakti á sínum tíma.


UM ÞESSAR mundir sat að Svalbarði í Þistilfirði sr. Ólafur Petersen, hinn gáfadasti ágætismaður. Hann hafði útskrifast úr Prestaskólánum árið 1887, aðeins 22 ára gamall, og vígðist tveimur árum síðar. Hann var skólabróðir Einar Benediktssonar úr Latínuskólanum og hafði þeim orðið vel til vina. Kvæntur var hann Ástríði, dóttur séra Stefáns Stephensen í Vatnsfirði, og voru þau hjón rómuð fyrir þrúðmennsku og góðvild, en prestsskapur sr. Ólafs varð skemmri en vonir stóðu til, því að hann andaðist árið 1898, aðeins 32 ára gamall.

Hálf systkinin

Þegar sr. Ólafur hóf búskap, þurfti hann vitanlega að ráða til sín allmargt vinnuhjúa og mun flest af því fólki hafa verið úr byggðarlaginu. Meðal vinnumannanna sem vistuðust til hans á fyrsta ári, var maður að nafni Sigurjón Einarsson, fæddur og uppalinn í Þingeyjarsýslu. Hann var þá tuttugu og tveggja ára gamall og er honum svo lýst að hann hafi verið fremur álitlegur maður, grannvaxinn

og rösklega meðalmaður á hæð, gráeygður og með skollitað hár. Gláðlyndur mun hann hafa verið að eðlisfari og lét sér vist ekki allt fyrir brjósti brenna. Að minnsta kosti herma sagnir að hann hafi verið talsvert mikill fyrir sér til orðs og æðis og einkum þótti honum gaman að glettast við kvenfólkið á heimilinu. Gerðist hann þá stundum óvandfýsnari í orðum en sæmilegt þótti um klerkleg vinnuhjú.

Það var ári síðar, eða vorið 1890, að hálf systir Sigurjóns, Sólborg Jónsdóttir, réðst vinnukona að Svalbarði. Hún var 27 ára gömul, frið sýnum og hefur henni verið svo lýst að hún hafi verið fremur smávaxin, dökkeyg og hrafnsvört á hár, munnsfríð og nokkuð varþykkt, „handsmá og fótneft“.



Dómarinn ungi í Sólborgarmálinu – Einar skáld Benediktsson.

Fremur þótti hún fálát og gaf sig lítið að kerskni eða gamanmálum vinnufólksins, en var þó greind í besta lagi og gat vel komið fyrir sig orði, ef því var að skipta. Eftir heimildum að dæma mun hún einnig hafa búið yfir ríkum skapsmunum, þó að hún kysi flestum stundum að dylja þá. Bæði þóttu þau systkin hin bestu vinnuhjú.

Var Sólborg taln „vel verki farin og iðjusöm“, en Sigurjón „skyldurækin og húsbóndahollur“.

Meira en „systkinaást“

Þeim systkinunum varð brátt vel til vina. Sólborg annaðist frá upphafi öll

þjónustubrögð fyrir bróður sinn og lagði sig í framkróka að gera honum allt til hæfis í því efni. Að sínu leyti kunni hann vel að meta þetta og sagt er að hann færi aldrei svo í kaupstað að hann viki ekki einhverju að systur sinni við heimkomuna. Þá var hann líka nærgætinn og eftirlátur við dóttur Sólborgar, þriggja ára telpu, sem Anna hét og hún hafði með sér á framfæri sínu. Lék Sigurjón tíðum við hana og færði henni gjafir. Svo ljúfmannlegu atlæti hafði Sólborg ekki vanist áður og var því engin furða að hún hændist mjög að þessum unga manni.

Með þessum hætti leið fyrsta árið. En næsta sumar þóttist fólkið verða þess vart að allmikil breyting væri orðin á framkomu og fasi Sigurjóns. Það var engu líkara en að yfir svip hans væri lagstur einhver alvörubungi, sem honum hafði ekki verið eiginlegur. Þessi sami skuggi virtist einnig fallinn yfir samlíf þeirra systkinanna. Að vísu voru þau enn saman öllum stundum er þau máttu, en nú brá svo við að þau virtust tíðast vera á hljóðskrafi og felldu venjulega talið niður jafnsnemma og að var komið. Var ýmsum getum að því leitt hvað þessum veðrabrigðum gæti valdið og gerðist mönnum tíðrætt um.

Bréf til sýsluskrifstofunnar

Ög svo líður tíminn. Það er komið nærri jólum 1892, en þá berst sýsluskrifstofunni í Þingeyjarsýslu bréf frá hreppstjóranum í Þistilfirði. Í bréfinu rekur hann grunsemdir þær sem uppi séu um alvarlegt misferli systkinanna á Svalbarði. Lætur hann liggja að því að þar kunni að vera refsivert dulsmál í uppsiglingu og biður um að það verði rannsakað.

Um þessar mundir var sýslumaður í Þingeyjarsýslu Benedikt Sveinsson, hinn kunní stjórnmálagarpur og þingskörungur, og sat hann að Héðinshöfða á Tjörnesi. En þetta sama ár, hinn 18. maí um vorið, hafði Einar, sonur hans, lokið lögfræðiprófi við háskólann í Kaupmannahöfn og var nú um hríð sestur að hjá föður sínum. Gerðist Einar hans önnur hönd við embættisstörfin og var iðulega settur sýslumaður. Eins og að líkum lætur féll það í hans hlut að framkvæma umbeðna rannsókn.

Þó að Einar Benediktsson þætti snemma stórbrotinn í lund og sæist stundum lítt fyrir, þegar hroka og yfirlæti var að mæta, þá var hitt jafn-

*Löngum hefur verið talið að heimsókn
Einars Benediktssonar að Svalbarði 1893
og atburðirnir er gerðust á bænum þá daga
hafi varpað skugga yfir líf hans*



SACHS

KÚPLINGAR

DISKAR

HÖGGDEYFAR Í

**TOYOTA - MAZDA - HONDA
NISSAN - MITSUBISHI**

SACHS KÚPLINGAR OG HÖGGDEYFAR ERU JAFNAN
FYRIRLIGGJANDI Í FLESTAR GERÐIR JAPANSKRA
BIFREIÐA.

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ NOTA ÞAÐ BESTA

ÞEKKING REYNISLA ÞJÓNUSTA

FÁLKINN®

SUDURLANDSBRÁUT 8 SÍMI 84670



LEKUR ER HEDDIÐ BLOKKIN? SPRUNGID?

Viðgerðir á öllum heddum og blokkum.
Plönum hedd og blokkir — rennum ventla.
Eigum oft skiptihedd í ýmsar gerðir bifreiða.
Viðhald og viðgerðir á iðnaðarvélum — járnsmíði.

Vélsmiðja Hauks B. Guðjónssonar
Súðarvogi 34, Kænuvogsmegin — Sími 84110

FLOKKSSTARF

Vorhappdrætti Framsóknarflokksins 1990

Dregið var í vorhappdrætti Framsóknarflokksins 15. júní. Vinningsnúmer eru sem hér segir:

1. vinningur nr. 29352
2. vinningur nr. 14359
3. vinningur nr. 38822
4. vinningur nr. 8039
5. vinningur nr. 13391
6. vinningur nr. 33369
7. vinningur nr. 14360
8. vinningur nr. 14874
9. vinningur nr. 127
10. vinningur nr. 33064
11. vinningur nr. 2606
12. vinningur nr. 6749
13. vinningur nr. 17642
14. vinningur nr. 29032
15. vinningur nr. 13417

Ógreiddir miðar eru ógildir. Vinnings skal vitja innan árs frá úrdrætti. Frekari upplýsingar eru veittar í síma 91-21379.

Framsóknarflokkurinn



Lokað vegna sumarleyfa

Skrifstofur Framsóknarflokksins að Nótunni 21 verða lokaðar frá og með 2. júní 1990, vegna sumarleyfis starfsfólks.

Framsóknarflokkurinn.

Kvennahlaup ÍSÍ/LFK hópurinn

Framsóknarkonur á öllum aldri eru hvattar til að taka þátt í kvennahlaupi ÍSÍ í dag, laugardag, kl. 14.00. Hittumst við íþróttahúsið í Garðabæ kl. 13.30, þar sem Ragnheiður Ólafsdóttir íþróttaræðingur verður í fararbroddi. Sýnum samstöðu, mætum allar.

Landssamband framsóknarkvenna

kunnugt að hann gat verið hverjum manni viðkvæmari og raunbetri ef í hlut áttu þeir sem töldust minni máttar á veraldarvísu og höfðu farið hall-oka í tilverunni. Það var því síst orðum aukið, sem sagt hefur verið í ævisögu hans, að honum þótti „ávallt fyrir því að þurfa að hefja mál á hendur mönnum og dæma þá — og reyndi jafnan að eyða minni háttar sökum, ef unnt var“. Hafa ýmsar sögur geymst þessu til sönnunar, þó að hér verði þær ekki raktar.

En hvernig sagðist Einari þá hugur um mál hinna umkomlausu systkina, sem nú átti að koma til hans kasta? Um það vitum vér ekki neitt, en sennilega hefur hann gert sér vonir um að sakarefnin mættu reynast verulega orðum aukin eða ef til vill hugsmíði ein. Í annan stað taldi hann til þess að mega hitta fornvin sinn og bekkjarbróður, prestinn á Svalbarði, og þess vegna vílaði hann ekki fyrir sér að takast þangað ferð á hendur, þó að um hávetur væri og fullar þrjár dagleiðir í áfangastað.

Það var, eins og áður er getið, í öndverðum febrúarmánuði að Einar lagði upp í þessa minnisstæðu ferð ásamt fylgdarmanni sínum. Fóru þeir á skíðum og sóttist greiðlega. Gengu lengi af því sögur, þar sem þeir gistu, að mjög hefði fólki orðið starsýnt á hinn unga sýslumannsson og þóttist það ekki í annan tíma hafa séð glæsilegri mann eða gjörvilegri. Að kvöldi þriðja dags náðu þeir fêlagar háttum á Svalbarði og varð þar fagnaðarfundur með hinum gömlu vinum.

Svo líður nóttin af. Um hádegisbilið hefur gestastofunni á Svalbarði verið breytt í dómsal, þar sem hver heimilismaður af öðrum er kallaður inn til yfirheyrslu, langrar eða skammrar eftir atvikum. Og er hið unga yfirvald hefur lokað dómabókinni er það þreyttur maður með myrku og kvíða-fullyu augnaráði, sem ris upp úr dóm-arasætinu.

Hann gengur til herbergis síns. En jafnskjótt og eldingu ljósti niður er hin myrka þögn rofin: Ofan úr norð-urhúsi baðstofu loftins berast allt í einu skerandi kvalaóp, þrálát og hryllileg. Með svo nístandi áslætti boðar örlaganóttin konnu sína í þetta hús.

Dagur örlaganna


Áður en varir hafa hin sársaukafullu og skerandi neyðaróp, sem óvænt og skyndilega rufu ugðvænlega grafarþögn afskekkt mannabústaðar, ekki aðeins leitað uppi hvern krók og kima, heldur smeygt sér inn í leyndustu hugarfylgsni fólksins og fyllt þau myrkri og geig. Á slíki stund er sál mannsins orðin ískyggilega einmana; hún er öll á valdi annarlegs heims, þar sem loftið er hrannað forspám og fyrirboðum og allt tekur á sig voveiflegar risamyndir. Þegar svo er komið á nóttin alls kostar við sitt fólk, hún er samastaður þess og það hefur framar ekkert að flýja, nema inn í sjálft sig. Hversdagsleg örlög eru ekki til upp frá þeirri stund, er menn standa sjálfir andspænis þeim.

En dagur örlaganna gengur tíðast hljóðlega í garð, og svo hefur einnig verið að þessu sinni. Þegar Sigurjón Einarsson, hinn ungi vinnumaður prestsins, gekk í morgun til beitarhúsanna, hvíldi hvít eilífðarkyrr yfir snæþakinni víðattu norðursins, djúp dauðþögn, sem skilar fjalla á milli hverju marrandi fótataki einfarsins. Það er ekki fyrr en febrúarsólin, seint og um síðir, brýst með erfiðismunum gegnum grátt árdegismistrið, að jörðin ris aftur frá dauðanum. Þá er hjarnbreiðan, eins langt og augað eygir, orðin um stundar sakir að glitrandi hörpu, þar sem tónaflóð ljóssins sindrar af milljónum strengja.

Og heima á prestsetrinu ráða nornir þessara örlaga ráðum sínum og fara sér að engu óðslega. Þær vita, að þær hafa daginn fyrir sér. Þannig er það ekki fyrr en allir hafa neytt hádegisverðar, að hinn gjörvilegi setudómari, Einar Benediktsson, sem notið hefur gistinguáttu skólabróður síns og gamals félaga, sr. Ólafs á Svalbarði, kallar þingvitni sín til stofu og lýsir rétt settan. Þarna hefur borðum verið raðað saman og dúkur lagður á. Fyrir miðju situr dómariinn og vottar til

Sólborg og sýslumannssonurinn

hvorrar handar, en andspænis eru sæti, sem ætluð eru væntanlegum



Kirkjan á Svalbarði í Þistilfirði.

vitnum — og sakborningum. Með svo einföldum hætti hefur þessum víðhafnarlausu húsakynnum, sem vígð skyldu ungri hamingju og heimilisfriði, verið breytt í fjandsamlegan dómsal, aðsetur réttvísi — og refsinnorna.

Vitnaleiðslur

Það er dómariinn sjálfur, hinn setti sýslumaður, sem að þessu sinni skrifar réttarbókina, og nú ris hann úr sæti sínu og les aðfaraorð lögregluréttarins. Þeim, sem hlusta, hefur öllum verið ljóst, hvert tilefni er þessara aðgerða, en samt sem áður verður þeim undarlega hverft við, þegar það er lesið upphátt og í heyrenda hljóði. Í raun og veru er sakaráburður óákveðið hugtak, sem því aðeins er unnt að bera virðingu fyrir og henda reiður á, að honum hafi hlotnast samastaður í löggiltri réttarbók. En þá er líka alvara á ferðum og þarna stendur það skrifað svart á hvítu: Það hefur „almennur orðrómur legið á því þar í sveitinni að vinnukona á Svalbarði, Sólborg Jónsdóttir, hefði síðari hluta næstliðins sumars, eftir að menn í lengri tíma höfðu þótt sjá merki þess að hún væri vanfær, fyrirfarið föstri sínu, og hefðu það verið tilgátur sumra, að hálsbróðir hennar, Sigurjón Einarsson á Svalbarði, mundi ef til vill vera faðirinn“.

Þar með er sá tími runninn upp að vitni skuli leidd. Fyrst mætir fyrir réttinum Abigael Guðmundsdóttir, vinnukona á Svalbarði, 35 ára, og er, svo sem lög mæla fyrir, áminnt um sannsögli. Hún kveðst raunar hafa orðið vör við sitthvað í sambúð þeirra hálsystkinanna, sem henni hafi fund-

ist „óvenjulegt“ og „óviðkunnalegt“, en telur, að „hún þó ekki hafi séð neitt sérstakt vera aðhafst milli þeirra, sem hún hefði getað álitnið að hlyti að standa í sambandi við saknæmt athæfi“. Virðist vitnið hafa verið furðulega grunlaust, þar sem það til viðbótar viðurkennir að hafa oft sinnis séð systkinin tjá hvort öðru slík blíðuhót, sem yfirleitt eiga sér ekki stað nema milli elskenda. Aðspurð kveðst Abigael hafa litið svo, að Sólborg hafi snemma á síðastliðnu sumri tekið að gildna undir belti, og hefði það ágerst æ meir, uns þau ummerki hurfu snögglega nálægt mánaðamótum septembers og októbers.

Næst er kvædd fyrir réttinn Kristín Jónsdóttir, sjálfsmennskukona á Svalbarði, 22 ára gömul. Framburður hennar fer mjög á sömu lund og stall-systur hennar, en enn fremur „segist hún nokkrum sinnum hafa orðið þess vör, að systkinin hafi legið saman í rúmi Sólborgar á baðstofu loftinu um nætur og hafi Sólborg verið afklædd, en ekki segist hún vita hvort svo hafi verið um Sigurjón“. Vitnið telur, að prestskonan hafi eitt sinn á túnaslætti orðið hins sama áskynja, og hafi hún haft þau orð um, að sér félli slíkt háttalag illa á sínu heimili. Þá tekur vitnið fram, að dag nokkurn er haustið hafi Sólborg kvartað um lasleika, og hafi hún lagt sig fyrir í tvær til þrjár stundir, en annars fylgt fötum og gegnt verkum sínum. Alítur vitnið, að eftir þann dag hafi henni verið horfinn gildleikinn. Sama vitni segir, að Sólborg hafi einhverju sinni minnst á orðrómi þann, er gengi um þau systkinin, og í því sambandi „tal- að um, að óþarft væri að hlífa sér við vinnu“, svo sem gert væri þar á heimilinu. Kvaðst Sólborg vita, að hún mundi álitin vanfær, en bætti því við „að sér þætti nóg að eiga eitt barn á hreppnum“. Virtist vitninu sem Sólborg væri sárhrygg í bragði þegar þetta bar á góma.

Og þannig er heimilisfólkið, hvert af öðru, kallað til yfirheyrslu, án þess þó að nokkur ný málsvæðing komi til sögunnar, er úrslitabýðing hafi. Þetta er yfirleitt vandað fólk og varkárt, talar greindarlega og gerir sér far um að fullyrða fremur minna en meira. Að sönnu ber það fulla virðingu fyrir réttvisinni, veit sig skuldbundið sannleikanum, að hætti heiðarlegrar alþýðu þeirra tíma, og á sér

óspillta siðgæðistilfinningu sem meinar því að hylma yfir hryllilegu afbroti. En hér stendur svo á, að hverjum einum finnst nærri sér höggvið. Það eru vinir og félagar, sem hlut eiga að máli, og öllum finnst sýnilega vænt um þessar ógæfusömu manneskjur, sem orðið hafa hræðilegri ástríðu að leiksoppi. Harmur þeirra kallar á dýpstu mannlega samúð, þó að hegðun þeirra vekir angur og óhug. Þess vegna er ekkert fjarlægara þessu fólki en að kasta steinum að tveim umkomulausum börnum sem eiga sverð syndar og dauða vofandi yfir höfði sér.

Það er presturinn sjálfur, sem er meðal síðustu vitnanna í þessu þinghaldi og framburður hans hefur einnig á sér allan blæ varúðar og nærgætni. Hann segist ekki hafa veitt háttum þeirra systkinanna mikla eftirtekt, enda hafi honum sýnst atlot þeirra „líkari því sem gerist stundum milli náskyldra, heldur en að þau stæðu í sambandi við holdlegar fýsnir, þrátt fyrir það að honum hafi fundist leiðinlegt og smekklaut að sjá til þeirra“. Enn fremur álitur hann sig hafa séð einhvern gildleika á Sólborgu, sem honum hafi ekki virst með öllu venjulegur, en „tekur það fram að hann beri mjög lítið skynbragð á slíka hluti“. Þó kveðst hann eitt sinn hafa innt Björn Blöndal lækni eftir því „hvort gildleiki á kvenfólki líku þessu, gæti átt sér aðrar orsakir en að konan væri þunguð, og hafi lækinn kveðið já við því“. Enn tekur prestur fram, að hann hafi að frumkvæði konu sinnar lagt fyrir Sigurjón á síðastliðnu sumri að gæta síðsamlegra hátternis, og hafi hann þá svarað því til, að allt væri „í sakleysi“ á milli þeirra systkinanna. Loks kveðst prestur einnig hafa heyrt, að móðir þeirra systkinanna, Guðbjörg Bjarnadóttir, þá til heimilis að Garði, „hafi átt í fyrria að áminna þau um að hneyksla ekki neinn með atlotum sínum“.

Framburður Sigurjóns

Meira hefur prestur ekki að leggja til málanna að sinni, enda er dagur að kveldi kominn — og þó ekki allur. Uppi í baðstofu er Sigurjón Einarsson í þann mund að setjast að snæðingi og hefur ekki enn þá yrt á neinn mann, enda nýkominn frá fénu, sem hann hefur staðið yfir frá því í birtingu og fram í myrkur. Ætla mátti að slíkur maður væri hressingar þurfi, en samt er honum nú ekki til setunnar boðið. Réttvísinn á vantalað við hann, og fót hans, gaddfreðin, eru naumast tekin að þiðna, þegar hann er sóttur til yfirheyrslu. Heimilisfólkið, sem hann mætir á leiðinni, vikur aldrei þessu vant úr vegi fyrir honum, nemur staðar og stelst til að horfa á eftir honum niðurlútu höfði, svo sem eigi hann ekki afturkvæmt.

Og Sigurjón Einarsson, 24 ára vinnumaður, fær hvorki glýðu í augun né lætur hugfallast, þó að hann sé kominn undir smásjá réttvísinnar. Hann er viðbúinn því að fyrria bragði, að hver spurningin reki aðra, og er furðulega var um sig. Þannig „neitar hann ítrekað, að hann hafi nokkurn tíma, einslega eða í annarra augu, aðhafst nokkuð það við systur sína, sem hann hafi álitid hneykslanlegt“. Hann neitar því eindregið að hafa „nokkurn tíma genið í eina sæng með hálfystur sinni, hvorki dag né nótt“. Aðspurður hveður hann Sólborgu hafa sagt sumri, að gildleiki hennar á næstliðnu séri hafi stafað af veikindum, og bæði hafi hún sjálf leitað lækna ráða við þeim og hann sótt meðöl handa henni. Í síðara réttarhaldi er þetta hvort tveggja staðfest af lækni þeim, er hlut á að máli.

Þannig rekur hvorki né gengur. Sú sögn hefur síðar orðið til, að setu-dómarinn hafi loks beitt ákærða sérstöku bragði til að vinna bug á honum. Hann á að hafa skýrt honum svo frá, að fyrir lægi í réttinum frá hendi systur hans skýlaus játning allra sakargifta, að hafi honum þá verið öllum lokið. En hvorki ber réttarbókin nokkuð það með sér, er renni stoðum undir þessa þjóðsögu, né er setu-dómarinn heldur líklegur til að hafa viðhaft svo vafasama aðferð, m.a. fyrir þá sök að hann þurfti hennar alls ekki

við. Þær ærnu líkur, sem fram voru komnar í fyrri vitnaleiðslum, máttu vissulega teljast nægilega sterkar til að koma sakborningi á kné, enda reyndist það svo. Það er einmitt þegar dómarinn, seint og um síðir, hefur lesið fyrir honum samhljóða framburð vitnanna, að allt viðnám hans þrýtur. Á samri stund er hann aftur orðinn það, sem hann í reyndinni hefur jafnan verið innst inni, óharðnað og umkomulaust ungmenni, ánetjaður örlögum, sem tekið hafa af honum ráðin og vaxið honum yfir höfuð. Fyrir því játar hann nú, fúslega og afdráttarlaust, öllum sakargiftum sem hann er borinn.

voða með. Hjá hinni ákærðu fannst aðeins stór lykill, sem hún hafði í vasa sínum, og var hann tekinn og geymdur. Hin ákærða var mjög róleg að sjá, og fannst hinum setta próf-dómara því eigi ástæða til þess að láta hana hafa fataskipti eða rannsaka ítarlega ytri klæðnað hennar, hvorki eftir því sem á stóð, né heldur eftir þeirri venju, sem honum er kunnugt um í slíkum tilfellum hér á landi, þar sem menn eru settir fastir fyrst um sinn á sveitabæjum; en nokkru eftir að hún var komin inn í hið sérstaka herbergi, beiddist hún þess, að búið yrði um sig, þar eð hún gjarnan vildi leggja sig út af. Það var

barði orðið líkast kirkjugarði sem ris. Tíðindin, sem gerst hafa á norðurloftinu, berast orðalaust frá manni til manns og fylla hugskot fólksins hrollköldu andrúmslofti dauðans, hins dularfulla og óvænta næturgests. Aðeins ein sál á heimilinu nýtur þeirrar náðar að vera horfin á vit líknsamrar gleymsku. Það er lítill, umkomulaus telpa, sem hefur grátið sig í svefn og hefur ekki ennþá neitt hugboð um, að mennirnir og dauðinn hafa tekið móður hennar frá henni að fullu og öllu. Hvers vegna þurfa dómar heimsins að hitta þyngst þá sem enga eiga sökina?

Og hvað getur fólkið tekið til



Héðinshöfði. Hér dvaldist Einar með Benedikt Sveinssyni, föður sínum, nýkominn frá námi.

Þannig ráðast mannleg afdrif, hin stærstu og afdrifaríkustu, á skammri stundu og komast meira að segja fyrir í nokkrum línunum, skráðum í þingbók. Og þá er tólfti dagur janúarmánaðar árið 1893 að kvöldi kominn. Það verður ekki af fleiri yfirheyrslu að sinni, en áður en dómarinn lokar að fullu réttarbókinni, kveður hann upp varðhaldsúrskurð á hendur hinum brotlegu systkinum og skipar fyrir um gæslu þeirra, hvors um sig, þar til öðruvísi verður ákveðið. Og erum við þá aftur stödd við lok frásagnarinnar í síðasta þætti, þar sem numið var staðar við neyðaróp ofan úr baðstofulofti.

Allt fram til þessa hefur réttarbókin verið skráð með hinni glæsilegu og sviphreinu rithendi Einarar Benediktssonar, og næsta dag, hinn 13. janúar að morgni, er það enn sama höndin, sem heldur á pennanum, en að þessu sinni er skriftinni brugðið. Það leynir sér varla, að eitthvað það hefur borið við hina síðustu nótt, sem hinn ungi dómari hefur tekið nærri sér, enda er þess ekki langt að leita ef skyggst er í réttarbókina. En þá er einnig um leið fengin skýring á hinu sára og nístandi neyðarópi. Það kemur sem sé í ljós, að þennan dag hefur rétturinn verið settur „til þess að halda rannsókn um dauða hinnar ákærðu, Sólborgar Jónsdóttur“.

Systkin sett í varðhald

Að upphafi þessarar rannsóknar hefur dómarinn bókað ítarlega skýrslu um ýmis atriði er varða afskipti hans af málinu. Má ætla, að hann geri það til að fíra sig hugsanlegum vitum fyrir meðferð sína á því, og virðist jafnvel fullviðkvæmur í þessu efni, þar eð ekki verður séð að hann hafi þar í nokkru tilliti hagað sér öðruvísi en hver annar háttvís og samviskusamur dómari mundi hafa gert. M.a. ræðir hann allfarlega um þann viðbúnað, sem hafður hafi verið um gæslu fanganna, og segir í framhaldi af því: „Hinn ákærði var látinn sitja á baðstofulofti hjá fólkinu og karlmaður látinn hafa gæslu á honum. Hin ákærða var látin fara inn í herbergi sér, í norðurenda hússins, og var sömuleiðis fullorðinn karlmaður inni hjá henni til þess að gæta að, hvað hún aðhefðist. Öðruvísi var ekki hægt að framkvæma gæsluna, þar að öll herbergi niðri í húsinu voru köld. Hinn setti prófdómari rannsakaði sjálfur vasa hinna ákærðu og tók úr þeim það, sem hann áleit hugsanlegt, að þau gætu farið sér að

bráðlega gjört, og gekk hún síðan til sængur ...“

„Í einhverju dauðalíku ástandi“

Við þessa greinargerð má enn bæta einu atriði, þó að í réttarbókinni sé ekki vikið að því fyrr en síðar. Á vist með Sólborgu var dóttir hennar, Anna Árnadóttir, fjögurra ára gömul, og hafði hún eignast hana áður en hún kom að Svalbarði. Hafði hún mikið dálæti á telpunni og lét hana jafnan sofa fyrir ofan sig í rúminu. Nú var hins vegar þeirri venju brugðið — í fyrsta sinn. Það þótti ekki hættandi á að leyfa brotlegri móður þann munad að hafa barn sitt hjá sér þá löngu nótt, sem nú mundi fyrir hendi, og að boði réttarins var það tekið úr fangi hennar.

Svo verður allt hljótt um stund. En við fyrstu kvalaveinin úr norðurhúsinu, þessi angistaróp, sem eiga fyrir sér að bergmála ævilangt í hlustum þeirra, sem heyrðu, bregður dómarinn við fyrstur manna og gengur á hljóðið — inn til Sólborgar. Jafnsnemma skipar hann svo fyrir, að lækni skuli tafarlaust sóttur, en hann á heima á næsta bæ.

Um stund stendur Einar Benediktsson við beð hinnar sakbornu konu. Ef til vill verður hinum ekki þegar ljóst, hvers kyns sú alvara er, sem þarna er á ferðum, en allt að einu skynjar hann, að hér er mikil barátta háð í varnarlausri mannsál. Honum list svo, eftir því sem greint er frá í réttarskýrslunni, að hin ákærða hafi fengið „ákafan krampagrát“, og fyrir því tekur hann nú skjóta ákvörðun. Hann sækir litlu telpuna fram á baðstofuloftið og spyr móðurina, „hvort hún vilji sjá barnið hjá sér, þar eð honum hugkvæmdist, að orsökinn gæti verið hryggð yfir því, að barnið var tekið frá henni.“

Móðirin ansar þessu ekki neinu, og kannske er þegar af henni dregið meira en svo, að hún megi svara. En hvað úr hverju taka samt kvalaópin að stillast, og gengur þá Einar Benediktsson aftur frá. Hann ætlar að biða lækisins frammi, en honum verður ekki rótt, og litur hann þá aftur inn í herbergið. Þá heyrir þar ekki framar nein stuna, og gæslumaður hefur orð á því, að svefnmök muni hafa sigið á Sólborgu. Á hinn bóginn sýnist Einar ekki betur en hún sé örend, eða að minnsta kosti „í einhverju dauðalíku ástandi“.

Glas með strykni

Þessa stundina er heimilið að Sval-

bragðs? Það á einskis annars kost en að biða átekt, skima og hlusta. Dómarinn einn hefur sinnu á að láta hendur standa fram úr ermum. Hann sendir eftir köldu vatni, sem síðan er látið drjúpa „á enni og brjóst hinnar ákærðu“. Önnur úrræði til bjargar eru þarna ekki tiltæk, enda skiptir það minnstu, því að í þessum svifum er lækinn kominn. Hann heldur lífgunartilraunum áfram um stund, en þær bera ekki árangur. Þá er ekki annað að gera en að fela tveim mönnum að vaka yfir líkinu um nóttina og segja til, „ef lífsmarks yrði vart“.

Á sama tíma er nákvæm leit gerð í herberginu. Árangur hennar er ekki fyrirferðarmikill, en samt finnst þarna hjá rúminu lítið glas með leifum af hvítu dufti. Lækinn hefur engin tók á að sannprófa, hvað þetta er, en álitur, að það muni vera strykni.

Þetta reynist rétt. Við yfirheyrslu daginn eftir sýnir dómarinn hinum ákærða glasið, og kannast hann þá þegar í stað við það. Um leið fæst einnig úr því skorið, hvernig lykillinn stóri, sem daginn áður var tekinn úr vasa ákærðu, er til kominn. Sigurjóni segist svo frá, að hann hafi fyrir ári fengist við töfueyðingu að beiðni húsbónda síns, og hafi hann nota strykni til þeirra hluta. Kveður hann leifarnar af eitrunu hafa orðið eftir í sínum fórum, og hafi hann geymt glasið í læstri kistu, sem hann átti, og systir hans hafði einnig aðgang að. Hann fullyrðir, að sér hafi með öllu verið ókunnug sú ákvörðun systur sinnar að nálgast eitrið, og því síður hafi hann nokkru sinni reynt að telja hana á að fyrirfara sér. Þvert á móti tekur hann fram, að Sólborg hafi oft- ar einu sinni verið að því komin að láta hugfallast og haft þá sjálfsmorð á orði, en hann hafi í hvert skipti gert sér ýtrasta far um að telja henni hughvarf og fá hana ofan af slíku áformi. Um þetta er ákærður vitanlega einn til frásagnar, en þar eð ekkert kemur fram, er mæli gegn þessari staðhæfingu, verður henni ekki heldur hrundið.

Annars er þetta strangt og hrollvekjandi réttarhald. Við hlíð ákærða í þingstofunni hefur líki systur hans verið komið fyrir á fjöllum, og þar hvílir hún allan þann tíma sem yfirheyrslurnar fara fram, „litverp við línúð bleikt“. Þetta er þögult vitni, sem ekki verður lengur kallað til saka, en virðist samt hlusta eftir hverju orði, sem þarna er sagt. Í þetta sinn fyllir Sólborg Jónsdóttir herbergið framandlegum andblá; hún er gestur úr dánarheimum og þess

vegna vekur návist hennar ótta- blandna lotningu. Þó að undarlegt megi virðast, veitist flestum öðrugra að bera ljúgvitni í nærveru dáiinna manna en lifandi.

En reyndar hefur ákærði engu að leyna úr því sem komið er, og kannske er honum einmitt nokkur fróun í því að tjá hug sinn. Það léttir á hjartanu, jafnvel þó að það kosti hann að sakfella sjálfan sig. Hann vikur að því, hversu sér hafi orðið mikil við- brigði að fá að njóta ástúðlegrar um- önnunar systur sinnar, eftir að hafa alist upp á hrakningi og verið mestan hluta ævinnar með vandalaus fólki, og lýsir því enn fremur, hversu hann hafi borið „þungt geð“ allt frá þeirri stund er samvistir þeirra systkinanna tóku hina hryggilegu stefnu, þó að hann hafi varast að láta mikið bera á hugarkvöl sinni. Kveðst hann allt fram á þennan dag hafa verið haldinn „hryllingartilfinningu yfir afbrotum sínum og iðrun yfir því, að þetta skyldi ske, þrátt fyrir það þó að hann ekki hefði getað hætt við ásetning sinn“. Stingur framburður hans allur mjög í stúf við frásagnir í sumum samtíðarblöðum, sem gerðu sér tíð- rætt um, að Sigurjón hafi tekið frá- falli systur sinnar og afbroti þeirra beggja með kuldalegu kæruleysi. Virðist slík sakargift ekki hafa við neitt að styðjast.

Barnslíkið í fjárbyrginu

Í þessu réttarhaldi er Sigurjón spurður nánar um ýmis atriði, er snerta barn þeirra Sólborgar, fæðingu þess og dauða, en þá kemur það reyndar í ljós að hann er alls ófróður um sitthvað, er þar skiptir mestu máli.

Er hugsanlegt, eftir allt það, sem á dagana hefur drifið, að blygðunar- kennd hafi aftrað þeim systkinum frá því að ræða þessi hörmulegu mál sín á milli?

Það er seinna þennan dag, að Sigurjón Einarsson á síðasta sinn erindi til fjárhúsanna á Svalbarði, og aldrei þessu vant er hann í nýstárlegri fylgd, þar sem m.a. má líta sýslumann og lækni. Það eru samt ekki þessir fyrir- menn, sem nú ráða ferðinni, heldur þvert á móti sá maður, sem þarna er umkomulausastur allra, sjálfur gæslufanginn, og að hans dæmi nemur loks þessi sundurleiti hópur staðar í kuldalegu fjárbyrgi niður undir sjó. Þarna hefur sverðinum nýlega verið rótað, og nú, þegar grafið hefur verið álnardjúpt ofan í frosna moldina, kemur í leitirnar lítið barnslíkið, vafið í fátæklegar líkur sem gera ekki betur en að hylja nekt þess.

Og aftur halda menn heim á prests- setrið — þögull hópur í grátri síðdeg- isskímu. Seinna eru lík beggja, móður og barns, krufin af læknum. Hann úrskurðar, að móðirin hafi látist af eitri, en dánarorsök barnsins sé köfnun. Og verður ekki meira aðhafst þann dag, en þá verða þau tvö, barn og móðir, ekki framar aðskilin. Dómarinn mikli, sem engu verður leyndur, hefur af mildi sinni leitt þau saman og nú hvíla þau aftur undir einu líni og hlíð við hlíð — í skjóli dauðans.

En næsta morgun er hinn ungi rann- sóknardómari árla á fótum og nú leiðir hann það ferðbúinn sjónum, hvernig hin mjallstorknu víðerni brjótast hægt og örugglega undan þungu næturfargi skammdegisins, uns þau rísa við stálgráan himin í hvítri og hrikalegri vetrardýrd. Landið allt er á heimleið, eins og hann er sjálfur, heim til nýs dags að afstaðinni örlaganótt, því að enn er það lífið, sem til allrar hamingju á brýnast erindi við Einar Benediktsson. Kannske hefur honum aldrei orðið það jafnljóst og á þessari stund, og þó mun hann engu að síður skynja, löngu áður en ferjan verður kölluð yfir Jökulsá, að engin mann- leg sál fær flúið vettvang harms og dauða án þess að taka með sér þau örlög, sýnileg eða ósýnileg, sem þar hafa átt sér stað í návist hennar, og hún má jafnvel vera við því búin að standa skil á þeim öllum í þann mund sem komið er að hinsta ferju- stað.

(Frásögn Tómasar Guðmundssonar)